892. fundur stjórnar GSÍ, 19. október 2017, kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Jón Júlíus Karlsson, Helgi Anton Eiríksson, Bergsteinn Hjörleifsson, Eggert Sverrisson og Hansína Þorkelsdóttir. Haukur Örn ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt og undirrituð

2. Tillögur fastanefnda vegna 2018
Afreksnefnd.
Helgi Anton og Jussi Pitkanen gerðu grein fyrir vinnu afreksnefndar og þeim tillögum sem nefndin hyggst leggja fram á Golfþingi í tengslum við breytingar á núverandi afreksstefnu hreyfingarinnar. Stjórn lýsti yfir ánægju með tillögurnar að lokinni umræðu.

Útbreiðslunefnd.
Hansína gerði grein fyrir vinnu útbreiðslunefndar, með sérstaka áherslu á bráðabirgða niðurstöður skoðanakönnunar sem Gallup hefur unnið fyrir golfsambandið. Stjórn samþykkti að leggja niðurstöðurnar fyrir Golfþing.

Fjárhagsnefnd.
Haukur Örn gerði grein fyrir helstu niðurstöðum ársreiknings, með fyrirvara um að enn ætti eftir að ljúka öllum færslum. Niðurstaðan er afar jákvæð en hagnaður sambandsins er umfram áætlanir, sem skýrist bæði af meiri tekjum, fjölgun félagsmanna auk þess sem útgjaldaliðið eru margir hverjir undir áætlunum. Stjórn lýsti yfir mikilli ánægju með niðurstöðuna.

Mótanefnd.
Jón Júlíus gerði grein fyrir vinnu mótanefndar og sagði lauslega frá umræðum um hugsanlegar breytingar á mótahaldi í framtíðinni, aðallega hugmyndum um fækkun móta á Eimskipsmótaröðinni og Íslandsbankamótaröðinni. Jón greindi frá því að drög að mótaskrá vegna 2018 myndu liggja fyrir á næstunni og verða þau kynnt betur á næsta stjórnarfundi, svo verða þau kynnt á Golfþingi.

Tölvunefnd.
Bergsteinn gerði grein fyrir vinnu tölvunefndar og sagði frá helstu niðurstöðum og tillögum sem nefndin hyggst leggja fyrir Golfþing. Bergsteinn sagði nefndina eiga eftir að hittast aftur á næstu dögum og að hann myndi gefa ítarlegri skýrslu á næsta stjórnarfundi.

3. Kjörnefnd og starfsmenn þingsins og þingnefnda
Þessum lið var frestað til næsta stjórnarfundar.

4. Breytingar á félagagjöldum
Stjórn GSÍ hefur undanfarin misseri viðrað hugmyndir um breytingu á samsetningu félagsgjalda til GSÍ á grundvelli 13. gr. laga sambandsins. Hafa hugmyndirnar gengið út á að finna leiðir til að lækka gjöld á minnstu golfklúbba innan sambandsins. Þessar hugmyndir hafa m.a. verið ræddar á svokölluðum samráðsfundum stjórnar GSÍ með fulltrúum golfklúbba auk þess sem hugmyndirnar voru ræddar á fundi með formönnum margra golfklúbba þann 22. júlí, sem fram fór í tengslum við Íslandsmótið í golfi hjá GK. Þessum hugmyndum hefur verið vel tekið og hafa forsvarsmenn klúbbanna hvatt stjórn GSÍ til að vinna áfram að þessum hugmyndum, með það fyrir augum að þær verði kynntar á Golfþingi 2017.

Eggert kynnti tillögu að breytingu á félagagjöldum, sem miðar að því að golfklúbbar með færri en 50 félagsmenn greiði 35% af félagagjaldinu en golfklúbbar með 51-99 félagsmenn greiði 70% gjaldsins. Að öllu óbreyttu mun þetta hafa í för með sér lækkun á félagagjöldum til GSÍ sem nemur kr. 3.366.250 vegna ársins 2018.

Stjórn samþykkti að leggja tillöguna fyrir Golfþing.

5. Málefni LEK
Haukur Örn gerði grein fyrir viðræðum sem hann og Eggert áttu við fulltrúa LEK í samræmi við bréf LEK til stjórnar GSÍ, dags. 11. júlí 2017.
Á fundinum kom fram í máli fulltrúa LEK að félagið stæði á tímamótum. Það væri mikil aukning eldri kylfinga í golfhreyfingunni og þá sérstaklega kylfinga með lága forgjöf, sem óskuðu eftir að fá tækifæri til þess að keppa innanlands og erlendis við kylfinga á efsta getustigi áhugakylfinga. Þá væru einnig mörg mál sem LEK hefði áhuga fyrir að vinna að fyrir eldri kylfinga en það hafi ekki verið tími eða fjárhagslega geta til þess. Þá kom einnig fram að félagsleg staða LEK væri veik, þar sem samtökin hefðu engan formlegan aðgang að íþróttahreyfingunni. Það væri ljóst að landsliðsmál og mótamál eldri kylfinga væri vaxandi vandi fyrir LEK.

Fram kom að samstarf við GSÍ undanfarin ár hafi verið mjög gott og skipti LEK miklu máli. Hins vegar, þegar til framtíðar væri litið, þá myndi samstarf í óbreyttri mynd ekki duga samtökunum og því töldu fulltrúar LEK að einhvers konar sameining við GSÍ væri mikilvæg. Ýmsir möguleikar voru ræddir á fundinum og var niðurstaðan sú að heppilegast kynni að vera að stofnuð yrði sérstök nefnd eldri kylfinga innan golfhreyfingarinnar sem heyrði undir stjórn GSÍ og Golfþing. Sú nefndi myndi starfa á svipaðan hátt og aðrar fastanefndir stjórnar GSÍ og sæi sú nefnd um verkefni eldri kylfinga s.s. afreksmál eldri kylfinga, landsliðsmál, fræðslu og önnur þau mál sem snúa að málefnum eldri kylfinga. Fjármál slíkrar nefndar þyrftu að lúta sömu lögmálum og önnur starfsemi GSÍ, s.s. hvað varðar útgjöld til landsliðsverkefna, mótamála o.þ.h. Fulltrúar GSÍ tóku fram að þótt að slík nefndi myndi vinna að keppnisverkefnum eldri kylfinga á vegum European Seniors Golf Assocation þá gæti slíkur kostnaður ekki verið greiddur af hálfu golfsambandsins enda samræmist það engan veginn afreksstarfi GSÍ.
Niðurstaða fundarins með LEK var að fulltrúar stjórnar GSÍ myndu leggja þessi málefni fyrir stjórnarfund GSÍ og fulltrúar LEK myndu ræða þessi mál nánar meðal félagsmanna sinna.

Stjórn golfsambandsins samþykkti einróma að unnið verði að því, í samstarfi við LEK, að lagðar verði fyrir Golfþing tillögur þess efnis að starfsemi LEK falli í framtíðinni undir sérstaka fastanefnd eldri kylfinga innan golfsambandsins.

6. Fyrirlesarar á Golfþingi
Þessum lið var frestað til næsta stjórnarfundar og var framkvæmdastjóra og forseta falið að halda áfram undirbúningu vegna þessa.

7. Önnur mál
Haukur Örn tilkynnti stjórn að GSÍ hefði hlotið viðbótarúthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ að fjárhæð kr. 6.000.000. Kemur þessi úthlutun til viðbótar við fyrri úthlutun ársins að fjárhæð kr. 8.850.000. Samtals hlaut GSÍ því kr. 14.850.000 úr afrekssjóði ÍSÍ vegna ársins 2017.

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi var slitið kl. 20:15.